


# ÁRSSKÝRSLA 2020

# EFNISYFIRLIT


| | | |
|---|---|---|
| **A.** | INNGANGUR | **3** |
| **Á.** | AÐALSTJÓRN HAUKA/AÐALFUNDUR | **4** |
| **B.** | STARFSNEFNDIR | **4** |
| **C.** | LEIKJASKÓLI BARNANNA | **4** |
| **D.** | ÍÞRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2020 | **5** |
| **E.** | FRÍSTUNDAHEIMILI HAUKA | **8** |
| **É.** | AFREKSSKÓLI HAUKA | **10** |
| **F.** | SKÁKDEILD/HUGARÍÞRÓTTADEILD | **10** |
| **G.** | ÖLDUNGARÁÐ HAUKA | **10** |
| **H.** | ÍÞRÓTTAHÁTÍÐ HAUKA | **10** |
| **I.** | GETRAUNALEIKUR | **11** |
| **Í.** | VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR | **11** |
| **J.** | ÓLAFSSALUR | **11** |
| **K.** | KNATTHÚS | **11** |
| **L.** | MINNINGAR- OG STYRKTARSJÓÐUR HAUKA | **12** |
| **M.** | FÉLAGSRÁÐ HAUKA | **12** |
| **N.** | HAUKAR Í HORNI — STUÐNINGSMENN | **12** |
| **O.** | ALMENNINGSÍÞRÓTTADEILD | **12** |
| **Ó.** | KNATTSPYRNUDEILD | **13** |
| **P.** | HANDKNATTLEIKSDEILD | **14** |
| **Q.** | KÖRFUKNATTLEIKSDEILD | **15** |
| **R.** | KARATEDEILD | **16** |
| **S.** | GOLF | **16** |
| **T.** | VEIÐI | **17** |
| **U.** | REKSTRARFÉLAG HAUKA | **17** |
| **Ú.** | ÍBH — ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR | **18** |
| **V.** | HAFNARFJARÐARBÆR | **19** |
| **X.** | LOKAORÐ | **22** |
| | **FYLGISKJAL 1** ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR HAUKA — 2020 | **23** |
| | **FYLGISKJAL 2** ÁRSREIKNINGUR REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF — 2020 | **32** |

# A. INNGANGUR

Síðasta starfsár hefur verið án fordæma í sögu Hauka eins og annarra íþróttafélaga af völdum Covid veirunnar sem herjað hefur á heimsbyggðina. Haukar eins og öll íþróttafélög landsins hafa þurft að takast á við áður óþekktar áskoranir við að halda upp eftir fremsta megni íþróttastarfi í landinu. Þannig hafa Ásvellir verið í langan tíma lokaðir fyrir allri starfsemi eða frá 15. mars – 15. maí og síðan frá 7 október til 12.janúar á þessu ári. Þar fyrir utan hafa verið miklar sóttvarnir í húsinu þess á milli sem gert hefur það að verkum að áhorfendur hafa ekki verið á leikjum Hauka megin hluta ársins.

Deildir félagsins hafa sýnt styrk sinn og komist í gegnum þessa erfiðu tíma af miklu æðruleysi og staðið sig frábærlega í að halda starfi Hauka gangandi í gegnum þessa erfiðu tíma og hafa náð að halda sjó og vel það í gegnum liðið starfsár.

Starfsfólk Hauka hefur sömuleiðis unnið frábært starf við halda félaginu í gangi í gegnum þessa erfiðu tíma og tekið á sig tekjuskerðingu og fært fórnir til að halda félaginu á floti í gegnum þessa erfiðu tíma.

Íþróttafólk Hauka hefur átt erfitt með að stunda íþróttagreinar sínar á árinu vegna þeirra miklu takmarkana sem hafa verið á íþróttastarfi. Þannig voru ekki krýndir Íslandsmeistarar í hand- eða körfuknattleik á liðnu ári. Þar sem íþróttastarf innanhúss lá niðri að lang stærstum hluta þá er ekki hægt að fjalla hér um árangur okkar íþróttafólks í hand- og körfuknattleik á síðasta starfsári.

Landsliðin hafa staðið í ströngu á árinu þrátt fyrir takmarkanir þar sem Haukar eiga núna 7 landsliðsmenn í meistaraflokki í hand- og körfubolta karla og kvenna auk 3ja landsliðsmanna sem aldir eru upp innan Hauka. Þá eigum við í landsliðskonu í karate. Glæsilegur hópur íþróttamanna sem við státum af.

Kvennalið Hauka í knattspyrnu spilaði í Innkasso deild kvenna í sumar og endaði liðið í 3. sæti deildarinnar en var spáð efsta sætinu fyrir mót. Nokkur vonbrigði að liðið skildi ekki ná að komast upp í Pepsideildina eins og vonir stóðu til. Liðið hefur haldið sínum leikmönnum og frekar styrkt sig fyrir komandi átök. Vonandi nær liðið að springa út og vinna sér á ný keppnisrétt í deild þeirra bestu.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu lék í 2.deildinni síðast liðið sumar þar sem liðið endaði í 5. sæti deildarinnar eftir brösugt gengi. Mikið starf hefur verið unnið hjá knattspyrnudeild félagsins við að móta nýtt lið því Haukar geta ekki sætt sig við að spila í 3. efstu deild. Vonir standa til að Haukar verði með lið í sumar sem geti farið upp í Innkassodeildina í sumar.

Jafnan er mikið starf unnið innan almenningsdeildar Hauka við að skipuleggja starf deildarinnar. Deildin hefur getað haldið úti starfi þrátt fyrir sóttvarnir á liðnu ári. Almenningsdeildin stendur fyrir nokkrum hlaupum á hverju ári sem mikil aðsókn er í.

Starf Karatedeildarinnar hefur eins og annarra inni íþróttagreina verið í lágmarki síðast liðið starfsár. Æfingar hafa til að mynda farið fram mikið í gegnum fjarfundabúnað. Áður en Covid skall á hafði ung karatekona náð því að vera á verðlaunapalli í 2 greinum á Reykjavíkurleikunum þar sem hún tapaði í úrslitum fyrir skoskum keppanda. Vonir eru bundnar við að fleiri iðkendur deildarinnar verði í fremstu röð á næstu árum.

Hugaríþróttadeild Hauka hefur verið með takmarkaða starfsemi á liðnu ári. Deildin er með þrjú ráð innan sinnar deildar, skákráð, rafíþróttaráð ásamt borðspila- og briddsráð. Spennandi verður að sjá starf deildarinnar þegar sóttvarnarreglur verða rýmkaðar.

Ánægjulegt var fyrir okkur Haukamenn að sjá í skýrslu ÍBH fyrir árið 2019 þar sem stendur orðrétt: „Knattspyrnufélagið Haukar er stærsta íþróttafélagið í Hafnarfirði með 2929 iðkanir“ sem eru um 400 iðkunum meira en næsta félag enda hafði mesta aukning orðið á iðkendum hjá Haukum á því ári.

Mjög ánægjulegt var að Söru Björk Gunnarsdóttur, uppalin Haukakona, hlotnaðist aftur sá heiður að vera útnefnd Íþróttamaður ársins. Haukafjölskyldan er mjög stolt af því að íþróttamaður ársins sé alinn upp innan félagsins.

Uppbygging á aðstöðu félagsins hefur haldið áfram á liðnu ári þar sem framkvæmdanefnd hefur unnið að undirbúningi á knatthúsi Hauka. Í lok síðasta árs komst knatthúsið inná fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar og því munu framkvæmdir við byggingu knatthúss hefjast á 90 ára afmælisári Hauka.

# Á. AÐALSTJÓRN HAUKA/AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 9. júní í Samkomusalnum á Ásvöllum. Fundarstjóri var Valgerður Sigurðardóttir og fundarritari Bjarni H. Geirsson.

**Í stjórn voru kosin starfsárið 2020:**
Formaður Samúel Guðmundsson
Varaformaður Valgerður Sigurðardóttir
Gjaldkeri Guðborg Halldórdsdóttir

**Tilnefndir af deildum félagsins:**
Frá handbolta: Þorgeir Haraldsson og Elva Guðmundsdóttir
Frá fótbolta: Halldór Jón Garðarsson og Jón Björn Skúlason
Frá körfu: Bragi Hinrik Magnússon og Tóbías Sveinbjörnsson
Frá Karate: Kristján Ó Davíðsson
Frá Almenningsdeild: Soffía Helgadóttir
Frá Félagsráði: Bjarni H. Geirsson
Skoðunarmenn ársreiknings: Ása Karen Hólm og Viðar Jónsson

Stjórnin hélt 5 bókaða fundi á árinu.
**Framkvæmdastjóri félagsins** er Magnús Gunnarsson

# B. STARFSNEFNDIR

Eftirtaldar starfsnefndir voru starfandi á árinu:

**Minningar- og styrktarsjóður Hauka:**
Bjarni H. Geirsson, Björg Guðmundsdóttir og Katrín Jónsdóttir.
**Framkvæmdanefnd með Hafnarfjarðarbæ um byggingu knatthúss:**
Samúel Guðmundsson, Jóhann Unnar Sigurðarson. Karl Guðmundsson tók síðar sæti Jóhanns Unnars. Magnús Gunnarsson starfar með nefndinni.
**Fulltrúi félagsins í stjórn ÍBH:**
Magnús Gunnarsson.
**Fulltrúi félagsins í stjórn Afrekmannasjóði ÍBH:**
Samúel Guðmundsson.
**Afmælisnefnd vegna 90 ára afmælis félagsins:**
Valgerður Sigurðardóttir formaður, Ingimar Haraldsson, Soffía Helgadóttir og Steinþór Einarsson. Steinþór hætti fljótlega störfum í nefndinni. Emíla Borgþórsdóttir kom í hans stað
**Orðunefnd/viðurkenninganefnd vegna 90 ára afmælis félagsins:**
Formaður Bjarni H. Geirsson, Guðborg Halldórsdóttir og Ingimar Haraldsson.
**Starfsnefnd um nýjan grasvöll og girðingar:**
Magnús Gunnarsson ásamt starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar.

# C. LEIKJASKÓLI BARNANNA

Leikjaskóli barnanna er fyrir börn á aldrinum 2–5 ára. Markmið leikjaskólans er að kynna iðkendum fyrir íþróttasalnum og áhöldum þar. Þá er farið í grunn hinna ýmsu íþróttagreina ásamt grunnhreyfingum barna. Lögð er áhersla á að börnin fái að njóta sín í faðmi forráðamanna sem eru með þeim allan tímann til halds og trausts.

Stjórnandi skólans er Albert Magnússon, margreyndur og að góðu kunnur.

# D. ÍÞRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2020

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur yfir sumartímann síðan 2007 og eru því sumrin orðin tólf talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þegar lagt var af stað í byrjun lá ekki ljóst fyrir hvernig við ætluðum að fara að því að standa við þau stóru orð að bjóða upp á íþróttaskóla fyrir alla en með markvissri vinnu og með því að halda sama starfsfólkinu milli ára hefur okkur tekist að skapa íþróttaskóla sem getur staðið undir því að geta tekið á móti öllum.

Íris Óskarsdóttir og Emil Barja sáu um stjórn skólans þetta sumar og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Knattspyrnuskólinn var kenndur í 9 vikur sumar. Í júní og ágúst var boðið upp á knattspyrnu- handbolta- og körfuboltaskóla. Fyrir þau börn sem ekki höfðu áhuga á þessum íþróttum gátu þau sótt um fjölgreinaskólann sem boðið var uppá í allt sumar fyrir hádegi og eftir hádegi í júní og ágúst. Knattspyrnuskólinn var með nokkur sérnámskeið sem voru fjölbreytt og skemmtinleg.

Eins og síðustu átta sumur buðu Haukarnir uppá námskeið í júlí fyrir börn á aldrinum 3-6 ára þegar leikskólar bæjarins fóru í frí. Það er námskeið í anda leikjaskóla barnanna og hefur það vakið mikla lukku og voru um 40 börn sem komu á þær þrjár vikur sem í boði voru. Það hafa til að mynda foreldar úr öðrum bæjarfélögum nýtt sér enda sjaldgæft að íþróttafélög bjóði uppá námskeið fyrir þennan aldurshóp að sumri til. Fengum við mikið lof og hrós fyrir námskeiðið og foreldar voru mjög sáttir með þetta framtak.

Starfsmenn íþróttaskólans sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu. Sverrir Þór Sverrisson stjórnaði því verkefni.

## HALDIÐ Í HORFINU

Það var ákveðið fyrir sumarið að hækka verðið á námskeiðunum, hálf vika hækkaði úr 5000,-kr í 5500,-kr og heill dagur með hádegismat úr í 12.500,-kr. í 13.500,-kr

Yfir knattspyrnuskólanum voru leikmenn meistaraflokks Hauka þeir Þórður Jón Jóhannesson og Friðbert Bjarki Guðjónsson. Yfir Körfuboltaskólanum var Kári Jónsson og yfir handboltaskólanum var Herbert Ingi Sigfússon. Yfir íþróttaleikskólanum var Kári Jónsson og Arnór Bjarki Ívarsson..

Allir þeir einstaklingar sem að komu að stjórnun íþróttaskólans þetta sumar stóðu sig frábærlega og eru þessir einstaklingar fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu.

## ÍÞRÓTTASKÓLINN SKIPTIST Í ÞRJÁ HLUTA

**1. Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 2–16 ára**
**2. Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka að Ásvöllum**
**3. Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar**

Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölþætta íþróttaþjálfun fyrir börn á aldrinum 6-12 ára en fljótlega gerðum við okkur grein fyrir því að ekki síður mikilvægt væri fyrir okkur að hlúa vel að unga-fólkinu okkar, þ.e.a.s. unglingunum í 8.-10. bekk sem og þeim sem komnir eru í menntaskóla. Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðinn 10 ár skólað til fjöldann allan af ungu fólki til að verða hæfari leiðbeinendur og að geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks því margir voru á sínu 3.-10. sumri hjá okkur. Með þessu erum við að þjálfa upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt heldur en að félagið ali af sér afreksfólk.

## NÁMSKEIÐIN

Í íþróttaskólanum sumarið 2019 buðum við upp á eftirfarandi námskeið:

1. Fótboltaskóli (6–12 ára) ½ dagur(4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)
2. Körfuboltaskóli (6–12 ára) ½ dagur(4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)

3. Handboltaskóli (6–12 ára) ½ dagur (4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)
4. Íþróttaleikskóli (2–5 ára) (starfræktur 3 vikur í júlí)
5. Fjölgreinaskól (6–12 ára) Heill dagur (starfræktur allt sumarið)
6. Sumaræfingar í körfubolta (12–16 ára) (starfræktar allt sumarið)
7. Sumaræfingar í handbolta (12–16 ára) (starfræktar allt sumarið)

Við bjóðum upp á gæslu foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00–09:00 alla daga en annars er dagskráin eftirfarandi:

Fyrir þá krakka sem voru á heilsdagsnámskeiði var innifalið í verðinu hjá þeim heitur matur frá Skólamat. Það var einnig í boði fyrir þá krakka sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu að kaupa aukalega hádegismat. Þetta fannst okkur nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá átta á morgnanna til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í staðin fyrir að allir kæmu með sitt eigið nesti.

| | |
|---|---|
| 09:00–10:15 | Prógramm 1 |
| 10:15–10:45 | Nesti |
| 10:45–12:00 | Prógramm 2 |
| 12:00–13:00 | Hádegismatur |
| 13:00–14:15 | Prógramm 3 |
| 14:15–14:45 | Nesti |
| 14:45–16:00 | Prógramm 4 |

## YFIRLIT YFIR STARFSEMI

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sína metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmann okkar eins og kostur er. Eins og sjá má hefur íþróttasvæði Hauka tekið algerum stakkaskiptum og leyfi ég mér að fullyrða að það sé til fyrirmyndar.

Hér að neðan eru nokkur af þeim verkefnum sem við sinntum í sumar.

**Umsjón með íþróttaskóla Hauka 2–16 ára**
Fjölgreinaskóli
Körfuboltaskóli
Fótboltaskóli
Handboltaskóli
Íþróttaleikskóli 2–5 ára
Æfingar seinni partinn fyrir 12–16 ára
**Gras sláttur**
Brekkur
Rönd við leikvelli
Með trjám
Með fram vallarhúsi
Áhorfendastæði
**Beðahreinsun**
Kantskurður við vallarhús
Snyrting á beði við vallarhús
Grjóthreinsun úr beðum og af grasi
Upptaka á blómareit við vallarhús
Snyrta beð á bílastæði
Grjóthreinsun úr brekku við mark
**Verk í aðalhúsi**
Þrif á áhorfendapöllum í íþróttahúsi
Þrif á eldhúsi og matsal
Þrif á gæslurými
Þrif á útileiksvæði
Móttaka
Tiltekt í áhaldageymslunni
Þrif á harpix af rimlum og mörkum
**Vallarhús**
Þrif á salernum, sturtum, klefum, móttöku
Tiltekt í áhaldageymslunni
**Útisvæði**
Þrif á varamannaskýlum
Hreinsun á steinum af gervigrasi
Þrif á bílastæði

## SAMANTEKT

Eftir tólf sumur er íþróttaskólinn í föstum skorðum og í honum eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er frábær starfsemi við allra hæfi hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnast því öfluga starfi sem Haukarnir bjóða upp á eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Íþróttaskólinn er vel skipulagður, gott utanumhald var um tímamál starfsmanna, við bjóðum upp á dagskrá fyrir nánast alla, bjóðum upp á fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn.

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fara ánægð út eftir sumarið. Það sama getur verið sagt um starfsfólkið en mikill fjöldi sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemin og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki stóðust lágmarks kröfur.

Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra.

**ÁFRAM HAUKAR**

## IÐKENDATÖLUR ÍÞRÓTTASKÓLA HAUKA 2018

| Námskeið | Fjöldi | Námskeið | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Fjölgreinaskóli fyrir hádegi (9:00–12:00) | 127 | Körfuboltaskóli fyrir hádegi | 50 |
| Fjölgreinaskóli eftir hádegi (13:00–16:00) | 32 | Körfuboltaskóli og fjölgreina | 21 |
| Fjölgreinaskóli allan daginn(9:00–16:00) | 74 | Knattspyrnuskóli fyrir hádegi | 99 |
| Handboltaskóli fyrir hádegi | 31 | Knattspyrnuskóli og fjölgreina | 13 |
| Handboltaskóli og fjölgreina | 23 | Íþróttaleikjaskólinn | 41 |
| | | **Alls umsóknir** | **511** |

## SÉRNÁMSKEIÐ Í KNATTSPYRNU 2019

| | | | |
|---|---|---|---|
| Æfðu eins og atvinnumaður | 25 | Boltaskóli Freys | 28 |
| PSV Eindhoven | 49 | **Samtals** | **102** |

## VIKA 1

| | | | |
|---|---|---|---|
| Knattspyrnuskóli | 29 | Fjölgreina eftir hádegi | 21 |
| Handboltanámskeið | 15 | Samtals umsóknir | 112 |
| Körfuboltanámskeið | 15 | Matur | 54 |
| Fjölgreina fyrir hádegi | 32 | | |

## VIKA 2

| | | | |
|---|---|---|---|
| Knattspyrnuskóli | 28 | Fjölgreina eftir hádegi | 38 |
| Handboltanámskeið | 8 | Samtals umsóknir | 125 |
| Körfuboltanámskeið | 20 | Matur | 57 |
| Fjölgreina fyrir hádegi | 31 | | |

## VIKA 3

| | | | |
|---|---|---|---|
| Knattspyrnuskóli | 16 | Samtals umsóknir | 88 |
| Handboltanámskeið | 8 | Matur | 34 |
| Körfuboltanámskeið | 9 | | |
| Fjölgreina fyrir hádegi | 28 | | |
| Fjölgreina eftir hádegi | 27 | | |

**VIKA 4**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Knattspyrnuskóli | 14 | Fjölgreina eftir hádegi | 21 |
| Handboltanámskeið | 5 | Samtals | 70 |
| Körfuboltanámskeið | 8 | Matur | 27 |
| Fjölgreina fyrir hádegi | 22 | | |

**VIKA 5**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjölgreinaskóli | 23 | Samtals | 28 |
| Íþróttaleikskóli | 5 | | |

**VIKA 6**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjölgreina fyrir hádegi | 23 | Samtals | 46 |
| Íþróttaleikskóli | 23 | | |

**VIKA 7**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjölgreina fyrir hádegi | 14 | Samtals | 27 |
| Íþróttaleikskóli | 13 | | |

**VIKA 8 = LOKAÐ**

**VIKA 9**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Knattspyrnuskóli | 5 | Fjölgreina eftir hádegi | 11 |
| Handboltanámskeið | 8 | Samtals | 42 |
| Körfuboltanámskeið | 8 | Matur | 17 |
| Fjölgreina fyrir hádegi | 10 | | |

**VIKA 10**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Knattspyrnuskólinn | 20 | Fjölgreina eftir hádegi | 17 |
| Handboltanámskeið | 11 | Samtals umsóknir | 78 |
| Körfuboltanámskeið | 12 | Matur | 28 |
| Fjölgreina fyrir hádegi | 18 | | |

## E. FRÍSTUNDAHEIMILI HAUKA

Á haustmánuðum 2014 tók frístundaheimili Knattspyrnufélagsins Hauka til starfa. Var þar meðal annars horft til þess hvernig mætti efla tengsl Hauka við skólasamfélagið og samþætta íþróttaiðkun og skólastarf.

Óhætt er að segja að rekstur frístundaheimilisins hafi gengið vel þann tíma sem það hefur starfað. Undanfarna vetur hafa um 50 börn verið skráð í frístund hér á Ásvöllum. Með tilkomu Skarðshlíðarskóla og tímabundna fækkun grunnskólabarna í Hraunvallaskóla voru börnin nokkuð færri í ár.

Á vordögum 2020, var undirritaður nýr þjónustu- og samstarfssamningur um rekstur frístundaheimilis fyrir börn 6-9 ára og um gagnkvæmar skyldur Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka. Með samningnum er mótuð stefna og umgjörð í starfi frístundaheimilisins á gildistíma samningsins. Um tilgang og forsendur segir m.a. í 2. grein samningsins að frítími barna og fullorðinna sé dýrmætur og í vaxandi mæli sé það krafa foreldra að vinnutími barna verði samfelldari og að gæði frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum fjölskyldunnar fyrir samveru að vinnudegi loknum.

Með breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, 5. grein sem Alþingi samþykkti þann 16. júní 2016, er kveðið svo á um frístundaheimili: „Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.



Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs. Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks. Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæranlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.“

Frístundaheimili er nú lögboðin þjónusta sveitarfélagsins og mikilvægur liður í uppeldi og reynslunámi barna. Markmið samningsins er að gefa Knattspyrnufélaginu Haukum tækifæri á að reka frístundaheimili fyrir börn í Hafnarfirði á aldrinum sex til níu ára og efla þannig valmöguleika bæjarbúa, styrkja innra starf íþróttafélagsins og gefa börnum kost á að samtengja betur frítíma sinn við íþróttaiðkun.

Ofangreind markmið hafa svo sannarlega náðst því börnin sem eru hjá okkur í frístundaheimilinu nýta sér þátttöku í öflugu íþróttastarfi félagsins og mæta á íþróttaæfingar eða sinna öðrum áhugamálum þann tíma sem þau dvelja í frístundaheimilinu.

Á árinu 2019 var tekin upp sú nýbreytni hjá Hafnarfjarðarbæ að bjóða upp á akstur frístundabíls, en frístundabíllinn sækir börnin í frístundaheimilin og er þeim ekið á ýmsa staði í bænum þar sem þeim gefst kostur á að stunda sínar íþróttaæfingar. Nokkur börn í frístundheimili Hauka, Haukaseli, nýta sér þessa þjónustu.

Aðstaða Frístundaheimilis Hauka er samkomusalurinn, stóri íþróttasalurinn, útisvæðið á Ásvöllum og svo hið náttúrulega svæði í nágrenninu.

Frístundaheimili Hauka er í boði fyrir grunnskólanemendur í 1. til 4. bekk Hraunvallaskóla. Börnin eru sótt í skólann og komið á Ásvelli, gangandi ef veður leyfir, annars með rútu. Starfsemi frístundaheimilisins er frá kl. 13:00 til kl. 17:00 virka daga og börnin fá síðdegishressingu kl. 14:15. Á skertum dögum skólans og starfsdögum er frístundaheimilið opið frá kl. 9:00.

Forstöðumaður Frístundaheimilis er Emil Barja, en hann er menntaður BSC í íþróttafræði frá HR. Emil hefur starfað hjá Haukum um margra ára skeið í frístundaheimilinu auk þess að þjálfa og spila körfubolta með Haukum. Auk Emils eru 4 starfsmenn í frístundaheimilinu.

## É. AFREKSSKÓLI HAUKA

Þær breytingar urðu á starfsemi Afreksskólans, að yfirstjórn sem var á forræði Kristjáns Ómars færðist yfir til deilda. Að öðru leyti vísast til skýrslu hverrar deildar en í aðalatriðum er starfsemin með fyrra sniði og þátttakendur um 100.

## F. SKÁKDEILD/HUGARÍÞRÓTTADEILD

Skákdeild Hauka hefur nú gengið í gegnum endurnýjun lífdaga og rís úr öskustónni sem Hugaríþróttadeild Hauka. Innan deildarinnar verður skáklistinni sinnt sem fyrr, en starfsemin verður nú útvíkkuð og áhersla lögð á rafíþróttir og aðra leiki og spil sem reyna á heilann, viðbragð og takíska hugsun. Markmiðin starfsins verður tvíþætt:

Að hjálpa ungum iðkendum sem hafa áhuga á hugaríþróttum/rafíþróttum að ná árangri með því að rækta bæði huga og líkama.

Að hjálpa ungum iðkendum að eiga í heilbrigðu sambandi við sína hugaríþrótt/rafíþrótt og bæta sína færni í „sýndarheimum" jafnt sem og í raunheimum.

### NÁMSKEIÐ Í BOÐI Á HAUSTÖNN

Haustið 2020 verða námskeið í boði fyrir tvo aldursflokka sem hefjast 5. október og verða fram að jólafríi. Námskeiðsgjaldið fyrir þetta tímabil er á sérstöku kynningarverði, aðeins 24.900 kr. og nýta má frístundastyrkinn frá Hafnarfirði fyrir 3 mánuði upp að 4.500 kr., sem gerir hlut iðkandans 11.400 kr. ef styrkurinn er nýttur. Athugið að aðeins eru 20 pláss í boði á hvoru námskeiði.

Skráningar eru hafnar og fara fram á haukar.felog.is

### NÁMSKEIÐSLÝSING

Æfingarnar fara fram í húsnæði NÚ við Reykjavíkurveg 50. Æfingarnar eru samsettar úr rafíþróttum (Fortnite og Counterstrike), hugaríþróttum, líkamlegri þjálfun og fræðslu um heilbrigðan lífstíl. Æfingarnar fara í grunninn þannig fram að í 40 mínútur eru spilaðir tölvuleikir í fullkomnu tölvuveri Hugaríþróttadeildarinnar, í 20 mínútur eru gerðar líkamlegar æfingar og 20 mínútur fara í ýmsar hugarþrautir eins og skákþrautir, að tefla hraðskák, „IQ-þrautir" og fleira slíkt. Að auki fá iðkendur heimaverkefni sem felast í því að horfa á stutta fræðandi fyrirlestra um t.d. svefn, næringarfræði, mannslíkamann og þjálfun hugans. Hverju námskeiði lýkur svo með félagslegum atburði þar sem hópurinn hittist og gerir sér glaðan dag.

## G. ÖLDUNGARÁÐ HAUKA

Starfsemi Öldungaráðs var mjög takmörkuð vegna covid og hefur starfið að mestu legið niðri til þessa. Margt bendir þó til að með haustinu verði blásið til leiks að nýju takist að ráða niðurlögun veirunnar.

Stjórn Öldungaráðs er þannig skipuð:

Jóhanna Axelsdóttir formaður, gjaldkeri Ragnar Árnason, ritari Erna Mathiesen, meðstjórnendur Ragnheiður Sigurðardóttir og Ármann Guðjónsson, varastjórn Ragnhildur Jónsdóttir og Hrafn Helgason.

## H. ÍÞRÓTTAHÁTÍÐ HAUKA

Vegna covid féll hátíðin niður að þessu sinni og engar tilnefningar og viðurkenningar veittar.

## I. GETRAUNALEIKUR

Getraunastarfsemin var gróskumikil fyrri hluta ársins en féll síðan niður með covid og hefur verið í skötulíki síðan. Um 30 sveitir tóku þátt í leiknum sem leikinn var fram að covid. Er það mál manna að kaffisopinn og góðar veitingar mildi skammdegisdrungann auk þess að flest vandamál heimsins verði hjóm eitt eftir að spekingar hópsins hafa brotið þau til mergjar.

## Í. VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR

Næsti áfangi í umfangsmestu framkvæmdum á Ásvallasvæðinu frá því að Ásvellir voru byggðir munu hefjast á 90 ára afmælisári félagsins þar sem bygging á nýju knatthúsi með búningsaðstöðu mun hefjast. Á árinu var hafinn undirbúningur að gerð nýrra grasæfingasvæða á suðurhluta lóðar félagsins sem mun taka við hlutverki eldri æfingasvæða knattspyrnunnar sem fara nú undir nýtt knatthús. Á afmælisári Hauka mun verða gengið frá þessum nýju æfingasvæðum og svæðið girt af. Komið verður fyrir vökvunarkerfi á svæðið og það undirbyggt til að mæta kröfum til slíkra æfingasvæða. Gert er nú ráð fyrir að jarðvinna fyrir knatthús hefjist í lok næst komandi sumars eða byrjun hausts og munu þá æfingar leggjast af á núverandi æfingasvæði.

Halda þarf áfram að viðhalda íþróttahúsinu til varnar frekari skemmdum á því. Síðast liðið sumar var ráðist í viðgerðir á húsinu og það málað sem er vel. Þá er fyrir nokkru kominn tími til að yfirfara hellulagnir og malbik við húsið ásamt að hreinsa lóðina við húsið. Haukar hafa ítrekað bent á þessar nauðsynlegu viðhaldsaðgerðir sem hafist verður handa við á þessu ári.

Stefnt er að því að fara í endurbætur á veislusal félagsins en þar þarf bæði að endurnýja eða breyta fellivegg sem skilur að salinn fyrir miðju sem og yfirfara stóla og borð salarins. Þá þarf að fara í að lagfæra klæðningar, endurbæta eldhústæki og búnað ásamt lýsingu í forsal svo nokkur atriði séu nefnd.

## J. ÓLAFSSALUR

Ekki er enn kominn fjárveiting til að ljúka við að setja áhorfendabekki til enda salarins eins og gert er ráð fyrir við hönnun salarins. Halda þarf áfram þrýstingi á bæjarfélagið um að klára verkið þannig að nota megi okkra einstaklega velheppnaða Ólafssal í úrslitakeppnum.

Von er á Led auglýsingaskiltum í salinn sem körfuknattleiksdeildinn hefur fjármagnað með styrktaraðilum sem bætir enn glæsilega umgjörð salarins.

## K. KNATTHÚS

Á liðnu ári hefur áfram verið unnið að undirbúningi að byggingu knatthúss hér á Ásvöllum og var í byrjun síðasta árs skipuð framkvæmdanefnd. Fyrir Hauka sitja í nefndinni Karl Guðmundsson og Samúel Guðmundsson ásamt að Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Hauka hefur starfað með nefndinni. Nú liggur fyrir með hvaða hætti framkvæmdin verður boðin út til hönnuða og síðar verktaka.

Tafir hafa verið á samþykkt nýs deiliskipulags fyrir svæðið vegna athugasemda og spurninga sem komið hafa fram. Athugasemdir snérust að mestu um möguleg áhrif á vatnsverndarsvæðið næst svæði Hauka. Athuganir hafa farið fram vegna þess og þeim svarað af hálfu bæjaryfirvalda. Á svæðinu er gerir ráð fyrir að auk knatthússins komi íbúðabyggð með allt að 100 íbúðum á landi Hauka. Deiliskipulagið verður að óbreyttu staðfest í apríl. Samkvæmt samningnum við Hafnarfjarðarbæ munu tekjur af sölu byggingarréttar íbúða fara til uppbyggingar knatthúss á Ásvöllum.

Knatthúsið sem byggt verður á Ásvöllum er af sömu stærð og Fífan í Kópavogi og með áhorfendasvæði fyrir 800 manns. Húsið verður löglegt keppnishús samkvæmt kröfum KSÍ til keppni í efstu deild. Hönnuðir hafa gert tillögur að húsinu sem miða að því að nýta sem best dagsljós inn í bygginguna.

## L. MINNINGAR- OG STYRKTARSJÓÐUR HAUKA

Minningarsjóðurinn var stofnaður 1977 af ættingjum Garðars S. Gíslasonar og hét þá Minningarsjóður Garðars S. Gíslasonar. Var hann sameinaður undir núverandi nafni 1995.Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög einstaklinga og stuðningsaðila.

Enginn styrkur var veittur á árinu.

Stjórn sjóðsins skipa: Bjarni H. Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Björg Guðmundsdóttir.

## M. FÉLAGSRÁÐ HAUKA

Fátt segir af starfsemi Félagsráðs þetta árið. Ef ekki tekst að blása lífi í starfsemina kemur til greina að leggja ráðið hreinlega niður.

## N. HAUKAR Í HORNI — STUÐNINGSMENN

Haukar i horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Stofnað 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins. Í dag geta menn tengst þeirri deild er þeir kjósa og rennur þá mánaðargjaldið til þeirrar deildar. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglingastarfs og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 300 og greiða þeir mánaðalegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp.

**Helstu markmið Hauka í horni eru:**

Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka – virkja Haukahjartað

Að styðja félagið í blíðu og stríðu

Að halda úti öflugum meistaraflokkum

Að vera leiðandi í öflugu innra starfi

## O. ALMENNINGSÍÞRÓTTADEILD

### MARKMIÐ OG VERKEFNI ALMENNINGSÍÞRÓTTASVIÐS ÍSÍ

**Að efla íþróttaþátttöku meðal sambandsaðila ÍSÍ á öllum aldri og getustigum með því að:**

Hvetja íþróttafélög og íþróttahéruð til að bjóða upp á fjölbreyttar íþróttir og hreyfingu fyrir alla aldurshópa og öll getustig.

Hvetja sambandsaðila til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ.

**Að efla almenningsíþróttaþátttöku landsmanna á öllum aldri með því að:**

Hvetja landsmenn til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ.

Verkefni ÍSÍ höfði til allra aldurshópa, á öllum getustigum og séu á jafnréttisgrundvelli.

Afla og dreifa þekkingu og stuðla að nýjungum ásamt útgáfu fræðslu- og upplýsingaefnis um heilsueflingu.

Hvetja íþróttahéruð og íþróttafélög til þátttöku í verkefninu Heilsueflandi samfélag“ með sveitarfélögum á hverjum stað.

**Að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að huga að heilsueflingu starfsmanna sinna með:**

Því að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ.

Upplýsingagjöf til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.

Ábendingum um hugsanlegt samstarf fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga við íþróttahéruð og/eða íþróttafélög um framkvæmd einstakra þátta í heilsueflingu starfsmanna

**Markmið ÍSÍ í almenningsíþróttum eru:**

Að efla íþróttaþátttöku meðal sambandsaðila ÍSÍ á öllum aldri og getustigum með því að:

Hvetja íþróttafélög og íþróttahéruð til að bjóða upp á fjölbreyttar íþróttir og hreyfingu fyrir alla aldurshópa og öll getustig.

Hvetja sambandsaðila til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ.

Að efla almenningsíþróttaþátttöku landsmanna á öllum aldri með því að:

Hvetja landsmenn til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ.

Verkefni ÍSÍ höfði til allra aldurshópa, á öllum getustigum og séu á jafnréttisgrundvelli.

Afla og dreifa þekkingu og stuðla að nýjungum ásamt útgáfu fræðslu- og upplýsingaefnis um heilsueflingu.

Hvetja íþróttahéruð og íþróttafélög til þátttöku í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ með sveitarfélögum á hverjum stað.

Að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að huga að heilsueflingu starfsmanna sinna með:

Því að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ.

Upplýsingagjöf til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.

Ábendingum um hugsanlegt samstarf fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga við íþróttahéruð og/eða íþróttafélög um framkvæmd einstakra þátta í heilsueflingu starfsmanna.

ÍSÍ leggur áherslu á málaflokka tengdum heilsu og fræðslu, t.d. með almennu fræðslustarfi um gildi hreyfingar. Eitt af áhersluatriðum íþróttahreyfingarinnar er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara.

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að hreyfing bætir líkamlega og andlega líðan. Fólk sem hreyfir sig reglulega dregur ekki aðeins úr líkunum á ýmsum langvinnum sjúkdómum, s.s. hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini, sykursýki, stoðkerfisvanda og offitu heldur stóreykur það líkurnar á að lifa lengur sjálfstæðu, heilbrigðu og hamingjuríku lífi.

Fræðslubæklingurinn „Líkamsæfingar fyrir fólk á besta aldri“ er gefinn út sem hvatning til fólks um að stunda reglulega líkamsrækt. Þar er að finna fjölbreyttar æfingar sem allir ættu að geta stundað daglega. Meðal æfinga eru ganga, æfingar í vatni, æfingar fyrir háls og herðar, bak og kvið, fætur og arma. Fróðleikur um gildi líkamsræktar fyrir heilsuna er settur fram og sömuleiðis holl ráð um næringu, svefn, slökun, vernd gegn beinþynningu og fleira. Hægt er að nálgast eintak af bæklingnum á skrifstofu ÍSÍ endurgjaldslaust.

AF VEF ÍSÍ UM ALMENNINGSÍÞRÓTTIR

## Ó. KNATTSPYRNUDEILD

Aðalfundur knattspyrnudeildar Hauka var haldinn nýlega á Ásvöllum þar sem ný stjórn var kjörin. Halldór Jón Garðarsson, formaður deildarinnar sem var endurkjörinn á fundinum, fór yfir síðasta starfsár, og Karl Guðmundsson, gjaldkeri, fór yfir rekstur.

Fjöldi kvenna eykst í stjórn
Þjálfarar brugðust vel við COVID-19 með #haukarextra
Ný námsskrá knattspyrnudeildar
Aukin samlegðaráhrif í þjálfun
Styttist í knatthús á Ásvöllum – Bæjaryfirvöld horfa til framtíðar
Markmiðið að berjast um sæti í sterkari deildum
Fjölga þarf tekjuleiðum og sjálfboðaliðum
Reksturinn í jafnvægi og engar skuldir

Ný í stjórn koma þau Elísabet Finnbogadóttir og Haukur Jónsson. Auk fyrrgreindra eru í stjórninni Jón Björn Skúlason, varaformaður, Helga Helgadóttir, ritari, Jón Erlendsson, formaður meistaraflokksráðs karla, Oddný Sófusdóttir, formaður meistaraflokksráðs kvenna, Brynjar Viggósson, formaður BUR

karla, Þórdís Rúriksdóttir, formaður BUR kvenna, Ellert Ingi Hafsteinsson, Gísli Aðalsteinsson og Guðmundur St. Sigurðsson, meðstjórnendur.

Í máli formanns kom m.a. fram að iðkendur hafi verið á sjötta hundrað og í heildina hafi sumarið gengið ágætlega þrátt fyrir ýmis áföll tengd COVID-19 en þó hafi þjálfarar deildarinnar brugðist vel við með heimaæfingum með átakinu #haukarextra

Eitt af stórum verkefnum síðasta árs var mótun nýrrar námsskrár knattspyrnudeildar sem spannar þjálfun frá 8. flokk og upp í meistaraflokka deildarinnar, sem Igor Kostic, skólastjóri Afreksskólans, og Helga Helgadóttir, yfirþjálfari knattspyrnudeildar, höfðu veg og vanda af. Þá tók knattspyrnudeildin yfir umsjón Afreksskólans og Afrekssviðsins sem eykur samlegðaráhrif hvað aðra þjálfun innan deildarinnar varðar. Þá fékk töluverður fjöldi yngri leikmanna tækifæri á úrtaksæfingum yngri landsliða sem er ákveðin viðurkenning á barna- og unglingastarfi knattspyrnudeildar Hauka.

Eins og tilkynnt var um á dögunum samþykkti umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðarbæjar þann 10. febrúar sl. að fela umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út annars vegar hönnun á knatthúsi á Ásvöllum og hins vegar að vinna útboðsgögn vegna grasvalla á athafnasvæði Hauka sem er gríðarlega mikið fagnaðarefni og sýnir að bæjaryfirvöld horfa til framtíðar í samstarfi við Hauka.

Varðandi meistaraflokka knattspyrnudeildar þá hafnaði meistaraflokkur kvenna í 3. sæti Lengjudeildarinnar og meistaraflokkur karla í 5. sæti 2. deildar en markmiðið fyrir komandi tímabil er að meistaraflokkar karla og kvenna berjist um að komast upp í annars vegar Lengjudeild karla og hins vegar Pepsí Max deild kvenna.

Þá þurfi að fjölga tekjuleiðum samstarfs- og styrktaraðilum deildarinnar til þess að efla annars vegar barna- og unglingastarfið enn frekar og hins vegar til að treysta tekjugrundvöll meistaraflokka deildarinnar. Einnig þarf að fjölga sjálfboðaliðum sem koma að annars vegar einstökum verkefnum og hins vegar að heimaleikjum meistaraflokka sem og að efla enn frekar skipulag og sjálfbærni knattspyrnudeildar sem ný stjórn mun móta.

Í máli gjaldkera deildarinnar fækkaði öflugum styrktaraðilum á síðasta ári sem rekja má beint til COVID-19 sem skapaði verulegan tekjusamdrátt. Með styrkjum frá KSÍ og ÍSÍ, sölu á leikmönnum og ákveðnum fjáröflunum auk töluverðra aðhaldsaðgerða í rekstri náðist að standa við allar launaskuldbindingar varðandi meistaraflokka fyrir síðasta ár ásamt því að rekstur barna- og unglingastarfsins er í ágætum farvegi. Engu að síður er reksturinn almennt í járnum, m.a. vegna fækkunar á öflugum samstarfs- og styrktaraðilum. Með fjölgun iðkenda, m.a. með tilkomu knatthúss, mun rekstur barna- og unglingastarfsins verða enn traustari.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KNATTSPYRNUDEILDAR

## P. HANDKNATTLEIKSDEILD

Starfsárið sem nú er að klárast er annað árið í röð þar sem Covid 19 áhrifin hafa beinlínis eyðilagt að mestu allt árið í íþróttum hjá okkur eins og öllum öðrum. Mikið verk er fyrir höndum við að endurvekja áhuga iðkenda og stuðningsmanna á íþróttum þegar faraldrinum líkur.

Þegar þetta er ritað um eru yngri flokkar loksins komnir af stað á fullu við æfingar en þó er ekki útséð hvort mót þeirra yngstu verða kláruð. Starfið hefur þó verið gott og vel haldið utan um flokkana við krefjandi aðstæður. Þar hefur mikið reynt á Díönu Guðjónsdóttur, yfirþjálfara yngri flokka, sem hefur unnið vel úr erfiðum vetri. Gengið hefur verið frá ráðningu allra þjálfara fyrir næsta tímabil sem verður væntanlega með eðlilegum hætti.

Karlaliðið undir stjórn Arons Kristjánssonar er í 1. sæti þegar 6 umferðir eru eftir og á góða möguleika á að tryggja sér Deildarmeistaratitilinn. Bikarkeppnin verður væntanlega slegin af þetta árið og úrslitakeppnin verður í einhverri mynd ef ekki kemur annað Covid stopp.

Kvennaliðið undir stjórn Gunnars Gunnarssonar er í 5. sæti þegar 2 umferðir eru eftir og í harðri baráttu um að komast í úrslitakeppni 6 liða. Deildarkeppninni var breytt á þann veg að 3ja umferð var skorin af og skýrir það betri stöðu tímalega þar. Sama er uppi á teningnum varðandi Bikarkeppnina hjá kvennaliðinu en úrslitakeppnin verður með sama sniði og lagt var upp með.

Eins og síðasta ár er helsta áskorun okkar sem stöndum í brúnni að bregðast við því tekjufalli sem við höfum orðið fyrir svo mögulegt verði að hefja starfið af krafti í haust eða þegar keppni hefst á ný.

Stuðningur ríkisstjórnarinnar við íþróttahreyfinguna með aðkomu Vinnumálastofnunar og ÍSÍ hefur bjargað því sem bjargað verður varðandi fjármál hreyfingarinnar og ber að þakka það. Þá ber að þakka stuðningsframlag Hafnarfjarðarbæjar vegna afreksstarfs deildanna nú í vor.

Það eru skýr markmið okkar hér eftir sem hingað til að efla starfið á öllum sviðum eins og undanfarin ár. Það er mjög krefjandi og mun taka tíma að ná fyrra afli félagslega og ná aftur athygli ungviðsins eftir að þeim hefur verið haldið frá íþróttaiðkun um allt of langan tíma.

ÚR ÁRSSKÝRSLU HANDKNATTLEIKSDEILDAR

## Q. KÖRFUKNATTLEIKSDEILD

Á árinu 2020 hélt Körfuknattleiksdeild Hauka áfram hefðbundnu starfi í bæði meistaraflokkum og yngri flokkum. Eins og hjá flestum öðrum átti þó starfið eftir að þróast á ansi óhefðbundinn hátt þegar Covid tók völdin á Íslandi. Starfsemi ársins var mjög lituð ýmsum breytingum vegna Covid lokana og það var erfitt að halda úti almennum æfingum.

Hjá meistararaflokkum var það helst að frétta að undir lok tímabils tók Ari Gunnarsson tímabundið við sem aðalþjálfari kvennaliðsins af Ólöfu Helgu Pálsdóttur og Bjarni Magnússon hélt áfram sem aðstoðarþjálfari. Liðið var ekki líklegt að komast í úrslitakeppni þegar keppnin, tímabilið 2019-2020, var svo blásin af vegna Covid. Við upphaf tímabilsins 2020-2021 tók Bjarni Magnússon við stjórnartaumunum ásamt að Ingvar Guðjónsson kom inn sem aðstoðarþjálfari, en hann kom heim í Hauka aftur eftir 2 ára veru í Njarðvík. Undir lok ársins er liðið í góðri stöðu í deildinni og er eitt af topp liðunum. Fyrir tímabilið fékk kvennaliðið til sín nýja leikmenn, Bríeti Hinriksdóttur og Elísabeth Ýr Ægisdóttur sem komu úr Grindavík ásamt Ireni Jónsdóttur úr Keflavík. Einnig komu til liðsins efnilegir yngri leikmenn ásamt því að yngri flokka starfið er að skila mjög hæfileikaríkum leikmönnum og því lítur framtíðin vel út. Liðið var með einn erlendan leikmann, Alyesha Lovett frá Bandaríkjunum.

Við upphaf tímabilsins 2020-2021 var Israel áfram þjálfari karlaliðsins en honum til aðstoðar var ráðinn Sævaldur Bjarnason sem hefur þjálfað undanfarin ár hjá Val. Nýjir leikmenn sem komu til liðsins voru Austin Magnús Bracey og Ragnar Nathanielsson úr Val ásamt Hilmari Péturssyni sem kom heim í Hauka frá Breiðablik. Fyrirliðinn Haukur Óskarsson ákvað að leggja skóna á hilluna, allavega tímabundið, og er mikill söknuður af honum úr hópnum og af vellinum. Hjálmar Stefánsson og Kári Jónsson fóru í atvinnumennsku erlendis og því ljóst að liðið hafði orðið fyrir mikilli blóðtöku. Undir lok ársins var staða karlaliðsins erfið og liðið í einu af neðri sætunum.

Stjórn deildarinnar hélst að mestu óbreytt á milli ára en telur nú 12 manns. Formaður er áfram Bragi Hinrik Magnússon og varaformaður er Tobías Sveinbjörnsson.

Starf yngri flokka er áfram í miklum blóma og er nú komið svo að Haukar halda úti liði í öllum mögulegum flokkum undir hatti KKÍ, bæði drengja og stúlkna. Haukar eru líklega eina liðið á landinu sem getur státað af slíku. Yngriflokka starfið var þó einnig litað af Covid lokunum og varð starfið í heild því mjög slitrótt. Þjálfarar reyndu eftir bestu getu að búa til myndbönd og annað efni til aðsetja inn á samfélagsmiðla hópa hverra flokka fyrir sig til þess að halda krökkum við efnið og fá þau til að æfa sig heima hjá sér. Fjölmörg mót yngri flokka fengu að kenna á Covid og flest þeirra lögð niður eða frestuð. Starfsemin var þó komin aftur á fullt seinni part ársins þótt Covid draugurinn væri alltaf hangandi yfir öllu.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR

## R. KARATEDEILD

Árið 2020 var furðulegt ár fyrir íþróttafélög vegna heimsfaraldurs. Ég er mjög stoltur af því hvernig þjálfarar og iðkendur leystu málin í æfingabanni og voru æfingar haustannar að miklu leyti haldnar á Zoom.

Karatedeild Hauka varð 30 ára 1. febrúar 2020 og náðum við að halda veislu í tilefni þessa áfanga 29. febrúar. Einungis nokkrum dögum seinna voru settar á samkomutakmarkanir vegna kórónuveirufaraldursins. Í tilefni 30 ára afmælis deildarinnar tókum við upp nýtt merki (sjá forsíðu).

Keppnishópur Karatedeildarinnar fer ört stækkandi og með aukinni reynslu fjölgar þeim keppendum sem keppa um verðlaun. Hjördís Helga Ægisdóttir hélt sæti sínu í Kumitelandsliðinu. Vegna heimsfaraldursins var lítið um mót, hvort heldur hér heima eða erlendis. Íslandsmeistaramótum í Kumite var frestað vegna gildandi samkomutakmarkana og þeim síðar aflýst. Við látum þetta ekki á okkur fá og mun keppnishópurinn stækka enn frekar árið 2021.

Við höfum haldið áfram að bæta við búnað deildarinnar til að geta boðið iðkendum okkar upp á fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar.

Kristján Ó. Davíðsson er formaður deildarinnar, Helgi Kumar er gjaldkeri og Gunnlaugur er enn yfirþjálfari deildarinnar. Aðrir þjálfarar hjá deildinni á árinu voru Kristján Ó. Davíðsson, Eva Ósk Gunnarsdóttir og Hjördís Helga Ægisdóttir.

Vegna samkomutakmarkana var ekki haldin viðurkenningahátíð Hauka á gamlársdag eins og tíðkast hefur. Því var ekki valið Karatemann og -konu Hauka árið 2020.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KARATEDEILDAR

## S. GOLF

Fyrsta golfmót Hauka var haldið sumarið 1989 í Hvammsvík, Hvalfirði. Þátttakendur voru um 20. Ógleymanlegt veður og almenn ánægja með mótið varð til þess að ákveðið var að halda Haukagolfmót að ári. Mótið var haldið í Hvammsvíkinni til 1992 og var þá flutt á Hvaleyrarvöllinn.

Mótið var í umsjá bræðranna Guðmundar og Ingimars Haraldssona í fyrstu en eftir að það var flutt á Hvaleyrina bættist Guðmundur Friðrik Sigurðsson í hópinn.

„Haukum í holu“ hefur síðan fjölgað jafnt og þétt og voru þeir um 100 í síðasta móti í sept. sl.

Keppt hefur verið um Rauða Jakkann frá upphafi. Í fyrstu var notast við vínrauðan vinnujakka af Inga sem hann var hættur að nota. Síðan var sérsaumaður nýr rauður jakki sem gefinn var af Sparisjóði Hafnarfjarðar og er enn keppt um þann jakka.

Keppnin er tvískipt. Í punktakeppni er keppt um Rauða Jakkann en í höggleik er keppt um Baddaskjöldinn og núna Haukabikarinn.

Veitt eru verðlaun fyrir 1. – 3. sæti í punktakeppni auk glæsilegra nándarverðlauna.

Frá árinu 2013 hefur einnig verið keppt um titilinn Öldungameistari Hauka til minningar um Ólaf H. Ólafsson.

Þeir félagar, Bjarni Hafsteinn Geirsson og Guðbjartur Jónsson heitinn, sáu um að Haukafáninn væri dreginn að húni og félagsfáninn settur upp í golfskálanum á Hvaleyrinni. Tóku þeir á móti keppendum, gengu frá skorkortum eftir keppni og sáu um að allt gengi upp. Sannarlega hrókar alls fagnaðar.

Félagar Badda heitins í veiðiklúbbnum „Haukur á stöng“ gáfu árið 2005 silfurskjöld — Baddaskjöldinn — til keppni í höggleik án forgjafar. Keppt var um skjöldinn í 10 ár. Skjöldurinn er nú í vörslu félagsins.

### HAUKAMÓTIÐ 2020

Haukamótið í golfi fór fram á Golfvellinum á Hvaleyrinni föstudaginn 18. september 2020. í þokkalegu veðri miðað við árstíma. Góð þátttaka var í mótinu eða 105 kátir golfspilarar af báðum kynjum. Sá sjaldséði atburður átti sé stað í mótinu að trésmiðurinn góðkunni Egill Strange fór holu í höggi á 6. braut. Fróðir menn, komnir á aldur, telja að þetta sé í fyrsta sinn frá upphafi golfmóts Hauka árið 1989 að keppandi fer holu í höggi í Haukamótinu. Önnur úrslit urðu urðu þessi: Haukakönnuna hlaut Haukur Jónsson fyrir besta skor en hann lék holurnar 18 á 71. höggi. Gula boltann í flokki 55 ára



og eldri hlaut Ragnheiður Ríkarðsdóttir á 39 punktum. Rauða jakkann og verðlaun í punktakeppni, kom í hlut Björns Þorfinnssonar á 42 punktum. 2. sæti, Haukur Jónsson á 41. punkti og í 3. sæti, Örvar Þór Guðmundsson á 40 punktum. Hola í höggi/næstir holu í upphafshöggi: 4. braut Egill Strange beint í holu. 6. braut Kristjana B. Arnbjörnsdóttir, 2.34 m, 10. braut Jón Ingi Jóhannesson, 1,26 m og 16. braut Þorlákur Kjartansson handboltamarkaðurinn brosmildi, 1,60 m. Sökum Covid 19 reglna fór hefðbundin verðlaunaafhending ekki fram að loknu móti heldur voru vinningar keyrðir heim til þeirra er þá hlutu. Haukamótið í golfi færir sínar bestu þakkir til Golfklúbbsins Keilis, Brynju og co í veitingasölunni og starfsmönnum golfklúbbsins fyrir gott samstarf . Sérstakar þakkir til styrktaraðila Haukamótsins sem létu sitt ekki eftir liggja.

Hins vegar vonumst við til að geta haldið mótið með venjulegum hætti haustið 2021, og stefnt er á að það mót verði með veglegum hætti á 90 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Hauka.

**ÁFRAM HAUKAR**

## T. VEIÐI

Haukur á stöng og Mokveiðideildin hafa starfað blómlega um margra áratuga skeið og sótt björg í bú í ár og vötn, innanlands sem utan. Fyrri hópurinn er fámennur og lokaður öðrum en formönnum félagsins og deilda þess og eru inntökuskilyrði afar ströng. Mokveiðideildin sem er fjölmenn samanstendur aðallega af stuðningsmönnum handknattleiksdeildar félagsins. Inntökuskilyrði eru þar rýmri en færri komast þó að en vilja.

Sem fyrr var afli tregur þetta árið að sögn heimildarmanna.

## U. REKSTRARFÉLAG HAUKA

Aðalfundur Rekstrarfélags Hauka ehf var haldinn 9. júní 2020 í Guðsveinsstofu.

**Stjórn Rekstrarfélagsins skipa eftirtalin:**

Þorgeir Haraldsson formaður, Karl Guðmundsson, Guðborg Halldórsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og Bragi Hinrik Magnússon.

**Varamenn:**

Gerður Guðjónsdóttir, Halldór Jón Garðarsson og Valdimar Óskarsson.

Framkvæmdastjóri Rekstrarfélagsins er Magnús Gunnarsson.

## Ú. ÍBH — ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var stofnað þann 28. apríl 1945 að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

Stefna ÍBH og framtíðarsýn er skýr og stjórn ÍBH hefur mótað sameiginlega sýn til framtíðar með heildarhagsmuni aðildarfélaga að leiðarljósi. Í því felst að skerpa á þeim forgangsáherslum sem ÍBH og aðildarfélög bandalagsins eiga að vinna að, auka skilvirkni bandalagsins og skilning á milli þeirra félaga sem að íþróttabandalaginu standa og efla vinnubrögð og samhljóm viðhorfa hjá félagsmönnum ÍBH. Ávinningur er því skýr stefna og áherslur, skilvirkara kerfi til að vinna eftir og sterkari liðsheild sem vinnur samstíga að því að byggja upp farsælt samstarf og efla á allan hátt starfsemi ÍBH og samkennd innan bandalagsins.

Á árinu 2016 voru rekstrar- og þjónustusamningar milli Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna endurnýjaðir. Frá þeim tíma hefur verið unnið að því að styrkja og efla rekstrar- og þjónustusamning aðila enn frekar og í byrjun árs 2019 var undirritaður þjónustusamningur þar sem er tryggt að ÍBH fái áfram stuðning til að reka skrifstofu sína og sinna þeim verkefnum sem tíunduð eru í samningnum, en þau eru m.a. yfirumsjón með stjórn íþróttamála, að tryggja að íþróttafélög haldi rétt bókhald, halda utan um tölfræði, veita íþróttafélögum ráðgjöf og stuðning, reka m.a. afreksmannasjóð, vera samstarfsvettvangur allra félaganna, taka þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með Hafnarfjarðarbæ og fylgjast með gæðaviðmiðum varðandi starfsemi íþróttafélaga.

Í samstarfssamningi sem er í raun regnhlífasamningur milli allra íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar er skilgreind stefnumörkun fyrir öll samskipti og samvinnuverkefni milli þessara aðila. Samningurinn tryggir að samið sé við íþróttafélög um þá þjónustu sem þau veita bæjarbúum út frá fjölda barna sem iðka greinarnar og hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í rekstri og viðhaldi á íþróttamannvirkjum. Samningurinn tryggir að íþróttafélögin í umboði ÍBH fái æfingar- og keppnistíma í íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Í samningnum er ákvæði þar sem Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig að taka þátt í að byggja upp íþróttamannvirki í takt við þróun og óskir íþróttafélaganna. Samningurinn festir í sessi starf eftirlitsnefndar með fjármálum íþróttafélaga sem skoðar og greinir fjárhag og rekstur íþróttafélaganna. Í gegnum þennan samning er formleg samþykkt um stofnun óháðs fagráðs sérfræðinga í Hafnarfirði sem tekur á ágreinings- og álitamálum frá íþróttafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi og eineltismálum.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) hefur unnið að því að uppfylla þau gæðaviðmið sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur fyrir íþróttahéruð / íþróttabandalög. Gæðaviðmiðin eru m.a. fólgin í því að það séu til stefnur og verkferlar um allt starf samtakanna, auk þess sem fjármál og rekstur samtakanna þurfa að vera í lagi. ÍBH er sjötta íþróttahéraðið / íþróttabandalagið af tuttugu og fimm til þess að ávinna sér nafnbótina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og gildir hún í fjögur ár frá veitingu nafnbótarinnar á árinu 2019.

Stjórn Afrekssjóðs ÍBH samþykkti árið 2019 að breyta reglugerð um sjóðinn og eru þær eftirfarandi, ferðastyrkir einstaklingar með félagsliði verða hámark 4 á ári, ferðastyrkir einstaklingar með landsliði verða hámark 4 á ári, afreksstyrkir lækka úr kr. 70.000 í kr. 60.000 hver styrkur, fararstjórastyrkir lækka úr kr. 80.000 í kr. 70.000 hver styrkur, EM félagsliða styrkir í 2 umferðir að hámarki á ári á lið, umsækjendur sem fá greiðslur vegna þátttöku sinnar í verkefnum frá sérsamböndum eða alþjóðasambandi sem nema 100% af kostnaði geta ekki sótt um styrk úr Afrekssjóði ÍBH og sækja þarf um styrki innan tveggja mánaða frá því að ferð er lokið. Breytingarnar tóku gildi frá og með 15. nóvember 2019. Fulltrúi Hauka í stjórn afrekssjóðs er Samúel Guðmundsson.

Þriðjudaginn 29. desember 2020 fór fram árleg Íþrótta- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar. Í ár var hátíðin rafræn í beinu streymi á miðlum Hafnarfjarðarbæjar. Anton Sveinn McKee, sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar, var kjörinn íþróttakarl Hafnarfjarðar og Guðrún Brá Björgvinsdóttir, kylfingur úr Golfklúbbnum Keili, var kjörin íþróttakona Hafnarfjarðar. Aðildarfélög ÍBH áttu 344 Íslandsmeistara 2020.

Þriðjudaginn 29. desember fór fram úthlutun íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaga ÍBH samkvæmt samningi milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði (ÍBH), Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar. Um er að ræða samning milli ÍBH, Rio Tinto á Íslandi og Hafnarfjarðarbæjar um að efla gæði í starfi íþróttafélaga í Hafnarfirði. Í samningnum eru m.a. hvatar um reglulega ástundun iðkenda, eflingu menntunar þjálfara, eflingu námskrárgerðar íþróttafélaga / íþróttadeilda og jafnréttishvati. Vegna samkomutakmarkana var úthlutunin kynnt á rafrænni Íþrótta- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar og hafa félögin fengið framlögin greidd. Samningur hefur verið í gildi frá árinu 2001 á milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar.

Árið 2020 einkenndist því miður af sóttvarnaraðgerðum vegna Covid-19, en þrátt fyrir lokanir íþróttamannvirkja, tímabundið á árinu, reyndi hafnfirskt íþróttafólk að sinna sinni íþrótt af kostgæfni. Starfsemi ÍBH bar þess einnig merki, en reynt var að koma málum fram eins og kostur var. Þá er vert að nefna Covid styrki stjórnvalda til íþróttahreyfingarinnar og aðrar úrlausnir sem stjórnvöld lögðu íþróttahreyfingunni til á árinu 2020. Ber einnig að þakka forystu íþróttahreyfingarinnar fyrir þeirra þátt í þeim aðgerðum sem sannarlega kom allri íþróttahreyfingunni til góða og er góð viðspyrna til að mæta nýjum áskorunum þegar faraldrinum lýkur.

Íþróttabandalagið fagnaði 75 ára afmæli á árinu 2020. Formaður ÍBH er Hrafnkell Marinósson og framkvæmdastjóri er Elísabet Ólafsdóttir. Fulltrúi félagsins í stjórn ÍBH er Magnús Gunnarsson

## V. HAFNARFJARÐARBÆR

Á undanförnum misserum hafa Haukar lagt mikla vinnu í að undirbúa byggingu knatthús, en fyrir löngu er orðin þörf á knatthúsi á Ásvöllum. Bæði er það að innanhússaðstaða á Ásvöllum er engin fyrir iðkendur knattspyrnu og síðan hefur íbúum í nærumhverfi fjölgað verulega og þá sérstaklega vegna nýrrar íbúðabyggðar á Völlum og nú í Skarðshlíð og Hamranesi.

Á vordögum 2018 var undirrituð viljayfirlýsing milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um bygggingu knatthúss og í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árin 2018-2021 var þar gert ráð fyrir að á árinu 2017 yrðu framkvæmdir hafnar við uppbyggingu íþróttamannvirkja samkvæmt tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á þingi bandalagsins árið 2017. Samkvæmt tillögunum var gert ráð fyrir að á árunum 2018—2021 yrði unnið að byggingu knatthúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum og er í fjárhagsáætluninni gert ráð fyrir að á árinu 2018 yrði undirritað samkomulag um undirbúning og hönnun þess verkefnis.

Með vísan til þess sem hér er að framan ritað lýstu aðilar yfir sameiginlegum vilja um að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir Ásvelli með staðsetningu knatthúss í huga. Þar var gert ráð fyrir að knatthúsið myndi rísa norðaustan við núverandi keppnisvöll félagsins .

Samhliða framangreindu var það ætlun aðila að setja á laggirnar undirbúningsnefnd sem myndi fjalla um gerð og hönnun hússins og skyldi stefnt að því að nefndin myndi skila niðurstöðum sínum fyrir 1. nóvember 2018.

Jafnframt myndi Knattspyrnufélagið Haukar afsala sér lóðarskika, vestan íþróttamiðstöðvar, til bæjarins og myndi núverandi lóð Knattspyrnufélagsins Hauka því minnka til samræmis við það. Aðilar voru sammála um að umræddur lóðarskiki yrði ætlaður til annarra nota en byggingu íþróttamannvirkja.

Umrædd lóð, Ásvellir 1, er í eigu Hafnarfjarðarbæjar en var úthlutað til Knattspyrnufélagsins Hauka árið 1989. Fyrir liggur að formlegur lóðarleigusamningur vegna lóðarinnar hefur ekki verið undirritaður og eru aðilar sammála um að því þurfi að ljúka sem allra fyrst.

Þegar nýtt samþykkt deiliskipulag liggur fyrir og framangreint uppfyllt er gert ráð fyrir að gengið verði frá formlegum samningi milli aðila um undirbúning og hönnun byggingar knatthúss að Ásvöllum.

Undirritun þessi var formlega staðfest af bæjarstjóra, Haraldi L. Haraldssyni, og framkvæmdastjóra Hauka, Magnúsi Gunnarssyni þann 14. maí 2018.

Frumkvæði að þessari viljayfirlýsingu kom frá Knattspyrnufélaginu Haukum en þar lýstu Haukar sig reiðubúna til að afhenda lóðarskika undir 80-100 íbúðir á miðsvæði Hauka, gegnt Ásvallarlaug til að auðvelda fjármögnun Hafnarfjarðarbæjar á byggingu fullkomins knatthúss.



Bæjarráð skipaði síðan starfshóp um verkefnið og var fyrsti fundur starfshópsins haldinn þann 11. september 2018. Í starfshópnum sátu Kristinn Andersen, formaður starfshóps, Anna Karen Svövudóttir, Jón Garðar Snædal Jónsson, Samúel Guðmundsson og Ágúst Sindri Karlsson og síðar Eiður Arnar Pálmason og Jóhann Unnar Sigurðsson. Með starfshópnum störfuðu Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, Geir Bjarnason, Íþrótta- og tómstundafulltrúi, Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hauka.

Starfshópurinn hélt fjölmarga fundi og leitaði fanga um hönnun og gerð knatthúsa, fór í vettvangsferðir og aflaði upplýsinga um væntanlega fólksfjölgun á nærsvæðum, en mikil uppbygging á sér nú stað í Skarðshlíð og í Hamranesi. Í framhaldi þeirrar vinnu var unnið að húsrýmisáætlun knattspyrnuhúss með Helga Má Halldórssyni og Andra Klausen frá ASK arkitektum. Þá var unnið að staðsetningu knattspyrnuhússins með Pétri Jónssyni frá Landark.

Áætlanir undirbúningshópsins liggja fyrir og skilaði hópurinn skýrslu til bæjarráðs 21. nóvember 2019 og er þar gert ráð fyrir að byggt verði knatthús í fullri stærð, 120 metrar á lengd og 82,5 metrar á breidd með aðstöðu fyrir um 800 áhorfendur. Húsið verður upphitað og tengibygging sem byggð verður við enda knatthússins, um 800 fermetrar að stærð, verður þjónustuhús með aðkomuaðstöðu, búningsaðstöðu, áhaldageymslu og annarri stoðþjónustu tengdri starfseminni. Knatthúsið mun rísa á grasæfingasvæði félagsins norðaustan Íþróttamiðstöðvar og þjónustubygging knatthússins mun liggja að núverandi keppnisvelli félagsins. Áður voru áform um að knatthúsið myndi verða staðsett sunnan við samkomusal félagsins, en frá því hefur verið horfið.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. janúar 2020 samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um framkvæmdina og vitnað er þar í gerð nýs deiliskipulags á svæðinu. Í hinu nýja deiliskipulagi er skilgreind ný lóð undir íbúðabyggð, þar sem gert er ráð fyrir 100 til 110 íbúðum. Hæð húsa verði 2-5 hæðir. Bílakjallari verður undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og 60 bílastæði ofanjarðar. Þá er gert ráð fyrir að byggt verði fjölnota knatthús nyrst á lóðinni. Stærð knatthússins verði 9.900 m2 og hæð verði 25 metrar yfir miðju vallar, en 12 metrar í hliðum. Gert er ráð fyrir 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knatthús. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.

Eftirfarandi er sérstaklega tiltekið í samkomulagi aðila.

Bæjarráð skal skipa í sérstaka framkvæmdanefnd, þrjá fulltrúa frá Hafnarfjarðabæ og tvo fulltrúa sem tilnefndir eru frá Knattspyrnufélaginu Haukum. Skal bæjarráð gera framkvæmdanefnd sérstakt erindisbréf.

Í skýrslu starfshóps um uppbygginu á Ásvöllum er sett fram tillaga að gerð knatthúss og áfangaskiptingu sem og fjármögnun verkefnisins. Samkomulag er um að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga verkefnisins samhliða því að lóðum á Ásvöllum verði úthlutað.

Aðilar eru sammála um að hefja þegar undirbúning að hönnun og öðrum nauðsynlegum verkþáttum er varðar byggingu knatthúss. Skal jafnframt horft til þess möguleika að byggingarframkvæmdum verði hraðað ef hagstæðir samningar nást þar um.

Tekjur af innheimtum lóðaverðum (gatnagerðargjald + byggingarréttargjald) vegna hinnar nýju íbúðarbyggðar verði nýttar til uppbyggingar knatthúss á Ásvöllum.

Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að fjármagna verkefnið að öðru leyti. Ákvörðun um fjármagn til verkefnisins er tekin af bæjarstjórn í fjárhagsáætlun hvers ár og eða við breyting fjárhagsáætlunar þess.

Ofangreindu samkomulagi var síðan vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar og var samkomulagið staðfest í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 22. janúar 2020.

Með vísan til ofangreinds samkomulags skipaði bæjarráð sérstaka framkvæmdanefnd um byggingu knatthússins. Formaður framkvæmdanefndar er Kristinn Andersen, en auk hans sitja í nefndinni Brynjar Gestsson og Daði Lárusson fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar. Frá Haukum sitja í nefndinni Samúel Guðmundsson, formaður Hauka, og Karl Guðmundsson frá knattspyrnudeild. Þá starfa með nefndinni, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Geir Bjarnason, íþrótta- og tómstundafulltrúi auk Magnúsar Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Hauka.

Þegar þetta er ritað má segja að öll formsatriði séu uppfyllt og þegar nýtt deiliskipulag liggur fyrir, nú á vordögum, er það hlutverk skipaðrar framkvæmdanefndar að vinna að framgangi verkefnisins af fullum krafti. Undirbúningurinn hefur tekið langan tíma, en sá tími hefur verið vel nýttur og fyrir liggur að senn hefjist uppbygging á glæsilegu mannvirki sem lengi hefur verið beðið eftir.

Þess má einnig geta að Knattspyrnufélagið Haukar hefur lagt inn umsókn um hámarksstyrk úr mannvirkjasjóði KSÍ 2020-2023 til byggingar knattspyrnuhúss á Ásvöllum.

Á árinu var unnið að nokkrum viðhaldsverkefnum á húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar á Ásvöllum, en fjárveitingar til viðhaldsverkefna hafa á undanförnum árum verið af skornum skammti. Áfram var unnið að því að koma í veg fyrir leka, en leki í húsnæði hefur verið vandamál um langa hríð. Það er því ánægjulegt að svo virðist sem nokkuð hafi áunnist í þeim málum á árinu 2020. Húsnæði Íþróttamiðstöðvar var málað að utan og gólf í íþróttasal lakkað. Þá er stefnt að því að lagfæra loftræstikerfi, yfirfara og hreinsa, á árinu 2021, en nokkuð hefur borið á bilunum í kerfinu.

Á árinu var keyptur bíll með palli af gerðinni Toro Workman, en bíllinn er nýttur á knattspyrnuvelli. Samhliða þessum kaupum var keyptur bursti en nauðsynlegt er að bursta gervigrasvöllinn reglulega til að viðhalda sem best gæðum vallarins. Raunar er svo komið vegna gífurlegrar notkunar á gervigrasvellinum að talið er nauðsynlegt að skipta gervigrasinu út fyrir nýtt á árinu 2022. Á árinu voru einnig keypt um 600 sæti í stúku en sætin í stúkunni voru meira og minna brotin og illa farin.

Á undanförnum árum hafa Hauka safnað og tekið á móti góðu fyllingarefni þar sem ráðgert er að nýr grasæfingar- og keppnisvöllur mun rísa, sunnan gervigrasvalla, en nýtt knatthús verður staðsett nyrst á lóðinni á núverandi grasæfingarsvæði félagsins. Bæjarráð samþykkti fjárveitingu til uppbyggingar nýs grasæfingar- og keppnisvallar á Ásvöllum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og er þar gert ráð fyrir að gengið verði frá uppbyggingu vallarins á árinu 2021. Tilkoma knatthúss og grasvallar mun gjörbreyta allri aðstöðu til knattspyrnuiðkunar hjá félaginu.

Ljóst er að bygging knattspyrnuhúss á Ásvöllum er stórt og mikilvægt skref í innviðauppbyggingu fyrir íbúa nærsvæða Ásvalla, en íbúum svæðisins fer sífellt fjölgandi.

Knattspyrnufélagið Haukar er afar ánægt með framsýni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að halda áfram kröftugri uppbyggingu á íþróttasvæði félagsins. Að skapa góða aðstöðu til félags- og íþróttaiðkunar er án efa góð leið til að efla og styrkja börn og unglinga til að taka þátt í margbreytileika hins daglegs lífs.

Samstarf starfsfólks Hauka og starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar hefur verið með miklum ágætum og eru starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar hér þökkuð ánægjuleg samskipti á árinu 2020.

# X. LOKAORÐ

Liðið starfsár hefur verið án fordæma í sögu íþróttastarfs hér á landi sem annars staðar þar sem íþróttastarf Hauka hefur legið niðri eins og annarra íþróttafélaga megin hluta ársins.

Þegar horft er til baka yfir liðið starfsár stendur upp úr annars vegar hvað deildir félagsins hafa sýnt mikinn styrk í að komast í gegnum þessa erfiðu tíma af miklu æðruleysi og sýnt mikla aðlögunarhæfni við að halda starfi Hauka gangandi. Deildir félagsins hafa náð að halda sjó og vel það í gegnum liðið starfsár. Þá er ómetanlegt hvað stuðningsmenn, foreldrar iðkenda og styrktaraðilar deilda félagsins hafa haldið mikla tryggð við Hauka og haldið áfram öflugum stuðningi við félagið þrátt fyrir að íþróttastarf hafi legið niðri mikinn hluta ársins.

Þá stendur einnig uppúr hvað starfsfólk Hauka hefur unnið frábært starf við að halda félaginu í gangi í gegnum þessa erfiðu tíma og tekið á sig tekjuskerðingu og fært fórnir til að halda félaginu á floti. Haukar vilja þakka starfsmönnum félagsins sérstaklega fyrir einstaklega gott starf á liðnu starfsári.

Félagið stendur nú enn sterkar en áður, þökk sé okkar frábæra starfsfólki, starfsmönnum deilda, sjálfboðaliðum og stjórnarmönnum deilda félagsins. Það er fyrir þeirra störf sem félagið skilar jákvæðri rekstrarniðurstöðu þrátt fyrir þá erfiðleika sem félagið hefur gengið í gegnum á liðnu starfsári.

Við sjáum nú fram á að þessum erfiðu tímum sé að ljúka sem blæs okkur Haukum byr í seglin fyrir komandi afmælisár. Þar sem við munum sjá framkvæmdir hefjast við nýtt glæsilegt knatthús sem og að haldið verður áfram við að gera æfingasvæðið tilbúið til notkunar sumarið 2022. Knatthúsið mun sóma sér vel við hlið okkar metnaðarfullu bygginga hér á Ásvöllum.

Með því að framkvæmdir munu fara af stað á 90 ára afmælisári Hauka lýkur langri baráttu okkar Haukamanna fyrir því að knattspyrnan í Haukum fái viðunandi aðstöðu sem fyrir löngu síðan ætti að vera búið að bæta. Þakka ber núverandi meirihlutaflokkum í bæjarstjórn fyrir mikinn velvilja og stuðning við uppbygginguna á Ásvöllum og við íþróttir í Hafnarfirði og þá sérstaklega hér á Ásvöllum á undanförnum árum. Íþróttabærinn Hafnarfjörður stendur svo sannarlega undir nafni hér á Ásvöllum.

Ég hef nú verið formaður Hauka frá 2014 og gaf það út að þetta ár yrði það síðasta því ég tel að 7 ár í formannsstóli sé hæfilegur tími fyrir formann félags og nauðsynlegt sé fyrir okkar frábæra félag að nýr formaður taki við keflinu í stærsta íþróttafélagi í Hafnarfirði. Nauðsynlegt er að fá nýja menn til að taka við keflinu þannig að félagð haldi áfram að vaxa og dafna á komandi árum. Ég hef haft mikla ánægju af starfi Hauka og að kynnast öllu þessu frábæra fólki sem starfar innan félagsins á þeim yfir 20 árum sem ég hef starfað innan raða Hauka. Ég vil þakka það traust sem mér hefur verið sýnt að stjórna okkar frábæra félagi og þakka öllum sem koma að félaginu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir ánægjulegt og uppbyggjandi samstarf.

**ÁFRAM HAUKAR**

*— Samúel Guðmundsson, formaður*

**FYLGISKJÖL:**

1. Ársreikningur Aðalstjórnar Hauka 2020
2. Ársreikningur Rekstrarfélags Hauka ehf. 2020

# FYLGISKJAL 1
# ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR HAUKA
# — 2020 —

## UDIRRITUN STJÓRNAR

Stjórn Knattspyrnufélagsins Hauka staðfestir hér með ársreikning aðalstjórnar árið 2020 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2020, rekstrarreikninga fyrir aðalstjórn, starf yngri flokka, íþróttamannvirki og félagsheimili auk sjóðstreymis og sundurliðana.

Hafnarfirði xx. mars 2021

## ÁRITUN SKOÐUNARMANNS

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka.

Ársreikning þennan fyrir aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Hauka fyrir árið 2020 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Skipulag uppgjörsins er í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga með það að markmiði, að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri félagsins á árinu 2020, efnahag hinn 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé árið 2020, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 20. april 2021

Einar S. Sigurdsson

Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.

## ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2020 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hafnarfirði 20. april 2021

Viðar Jónsson

Hákon Hal...

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2020

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR:** | | |
| Rekstrarsamningur Hafnarfjarðarbæjar | 148.421.404 | 134.152.600 |
| Framlög og styrkir | 13.595.223 | 8.011.697 |
| Rekstur barna- og unglingastarfs | 101.780.774 | 100.362.267 |
| Aðrar tekjur | 11.726.292 | 20.078.879 |
| Reiknuð húsaleiga | 162.846.000 | 158.103.000 |
| Rekstrartekjur alls | 438.369.693 | 420.708.443 |
| **REKSTRARGJÖLD:** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 136.967.601 | 131.607.493 |
| Mótahald, viðburðir | 4.115.539 | 6.201.635 |
| Verktakar | 63.933.579 | 69.524.092 |
| Framlög til rekstur hús og deilda | 37.000.000 | 44.000.000 |
| Rekstur íþróttahúss og íþróttasvæða | 8.121.371 | 5.921.245 |
| Stjórnun, umsýsla, skrifstofukostnaður | 2.657.000 | 3.383.604 |
| Reiknuð húsaleiga | 162.846.000 | 158.103.000 |
| Rekstrargjöld alls | 415.641.090 | 418.741.069 |
| Rekstrarafkoma án fjármagnsliða | 22.728.603 | 1.967.374 |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:** | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 5.043 | 7.894 |
| Vaxtagjöld, verðbætur, gengismunur | ( 3.451.194 ) | ( 1.090.717 ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls | ( 3.446.151 ) | ( 1.082.823 ) |
| | 19.282.452 | 884.551 |
| **REKSTRARAFKOMA ÁRSINS** | 19.282.452 | 884.551 |

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020

# EIGNIR

| | | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **FASTAFJÁRMUNR:** | | | |
| **VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:** | | | |
| Ásvellir | 2. | 324.000.000 | 324.000.000 |
| Fasteignir alls | | 324.000.000 | 324.000.000 |
| **ÁHÆTTUFJÁRMUNIR OG LANGTÍMA KRÖFUR:** | | | |
| Eignarhlutir í félögum | | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Eignarhlutir samtals | | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Fastafjármunir alls | | 325.500.000 | 325.500.000 |
| **VELTUFJÁRMUNIR:** | | | |
| Krafa á dótturfélag, Rekstrarfélag Hauka ehf | | 29.314.695 | 10.255.498 |
| Skammtíma kröfur | | 2.338.257 | 2.173.571 |
| Handbært fé | | 9.049.372 | 3.864.363 |
| Veltufjármunir alls | | 40.702.324 | 16.293.432 |
| **Eignir alls** | | 366.202.324 | 341.793.432 |

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

| | | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **EIGIÐ FÉ:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé 1/1 | | 296.893.405 | 297.853.094 |
| Leiðrétt v. fyrra árs | | ( 9.515.618 ) | ( 1.844.240 ) |
| Hagnaður (tap) ársins | | 19.282.452 | 884.551 |
| Eigið fé alls | 4. | 306.660.239 | 296.893.405 |
| **LANGTÍMA SKULDIR:** | | | |
| Langtíma lán | 5. | 25.002.410 | 11.045.077 |
| Langtímaskuldir alls | | 25.002.410 | 11.045.077 |
| **SKAMMTÍMA SKULDIR:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 6. | 14.549.070 | 13.848.474 |
| Næsta árs afborgun langtímalána | | 7.090.027 | 6.709.111 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | | 12.900.578 | 13.297.365 |
| Skammtímaskuldir alls | | 34.539.675 | 33.854.950 |
| Skuldir alls | | 59.542.085 | 44.900.027 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 366.202.324 | 341.793.432 |

## SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2020

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður (tap) ársins samkvæmt rekstrarreikningi | 19.282.452 | 884.551 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé: | | |
| Verðbreyting lána | 1.060.756 | 0 |
| Veltufé (til) frá rekstri | 20.343.208 | 884.551 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | ( 19.223.883 ) | ( 8.274.224 ) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | 303.809 | 15.163.550 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | ( 18.920.074 ) | 6.889.326 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | 1.423.134 | 7.773.877 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | |
| Nýtt langtímalán | 10.000.000 | 0 |
| Afborgun lána | ( 6.238.125 ) | ( 4.849.111 ) |
| | 3.761.875 | ( 4.849.111 ) |
| **Aðrar hreyfingar:** | | |
| Breyting eigin fjár | 0 | ( 1.844.240 ) |
| | 0 | ( 1.844.240 ) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu | 5.185.009 | 1.080.526 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 3.864.363 | 2.783.837 |
| **Handbært fé í lok ársins** | 9.049.372 | 3.864.363 |

## SKÝRINGAR

### 1. Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

**Mat og ákvarðanir**
Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

**Skráning tekna**
Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

**Fjármagnskostnaður**
Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**
Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

**Handbært fé**
Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

| | Fasteignir |
|---|---|
| Heildarverð 01.01.2020 | 324.000.000 |
| Heildarverð 31.12.2020 | 324.000.000 |
| Fasteignarmat Ásvellir 1, fnr. 2258749 | 396.700.000 |

## 3. Skammtímakröfur

| | |
|---|---|
| Viðskiptakröfur | 2.338.257 |
| | 2.338.257 |

## 4. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2020 | 296.893.405 | 296.893.405 |
| Leiðrétt í gegnum höfuðstól, lán verðbætur f.f. árum | ( 9.515.618 ) | ( 9.515.618 ) |
| Hagnaður (tap) ársins | 19.282.452 | 19.282.452 |
| Eigið fé 31. desember 2020 | 306.660.239 | 306.660.239 |

## 5. Langtímaskuldir

| | 31.12.2020 |
|---|---|
| Landsbanki Íslands | 16.838.193 |
| Hafnarfjarðarbær | 15.254.244 |
| Næsta árs afborganir | ( 7.090.027 ) |
| | 25.002.410 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:

| | |
|---|---|
| Árið 2021 | 7.090.027 |
| Árið 2022 | 7.090.027 |
| Árið 2023 | 6.654.191 |
| Árið 2024 | 1.860.000 |
| Afborganir síðar | 9.398.193 |
| | 32.092.437 |

## 6. Viðskiptaskuldir

| | |
|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 14.549.070 |
| | 14.549.070 |

FYLGISKJAL 3

# ÁRSREIKNINGUR REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF

# — 2020 —

# Ársskýrsla stjórnar

Rekstrarfélag Hauka ehf. annast rekstur meistaraflokka Knattspyrnufélagsins Hauka. Félagið er rekið í virðisaukaskattsumhverfi, m.a. með sölu auglýsinga og veitingarekstur. Það er álit stjórnar félagsins að allar þær upplýsingar komi fram í ársreikningnum, sem nauðsynlegar eru til að meta rekstrarárangur ársins, fjárhagslega þróun og stöðu í árslok.

Engin laun voru greidd á árinu

Samkvæmt niðurstöðu rekstarreiknings varð hagnaður á árinu 2020 kr. 1.598.139. Hagnaður er yfirfærður til næsta árs.

Engin stjórnarlaun eða arður var greiddur á árinu.

Stjórn Rekstrarfélags Hauka ehf. staðfestir hér með ársreikninginn með áritun sinni.

Hafnarfirði 20. april 2021

# Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar og hluthafa í Rekstrarfélagi Hauka ehf.

Ársreikning þennan fyrir Rekstrarfélag Hauka fyrir 2020 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrareikning, efnahagsreikning og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri ársins 2020, efnahag hinn 31. desember 2020 og breytingu á sjóðstreymi 2020, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 20. apríl 2021

Einar S. Sigurðsson

Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr. m.acc

# Rekstrarreikningur ársins 2020

| | | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur:** | | | |
| Miðasala | | 5.334.191 | 11.566.409 |
| Seldar auglýsingar og styrkir m/vsk | | 33.431.767 | 55.989.917 |
| Styrkir og framlög án/vsk | | 75.198.160 | 51.020.822 |
| Framlag frá aðastjórn v. húsnæðis | | 22.000.000 | 29.000.000 |
| Framlag til deilda frá aðalstjórn | | 15.000.000 | 15.000.000 |
| Sala búninga og fl. | | 5.664.453 | 10.822.163 |
| Leigutekjur m/vsk | | 1.483.864 | 1.636.808 |
| Aðrar tekjur | | 5.486.925 | 7.796.799 |
| | | 163.599.360 | 182.832.918 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Efniskaup og kostnaður v/auglýsinga | | 13.881.078 | 15.828.826 |
| Mótagjöld | | 2.312.947 | 5.179.270 |
| Verktakar | | 57.747.443 | 72.209.350 |
| Viðburðir og kostnaður vegna leikja | | 19.229.324 | 24.148.016 |
| Verðgildi leikmanna, breyting | | 3.900.000 | 0 |
| Dómarakostnaður og mótahald | | 935.960 | 7.509.212 |
| Húsnæðiskostnaður | | 17.005.297 | 16.563.265 |
| Áhalda- og tækjakostnaður | | 7.198.906 | 5.478.669 |
| Ferðakostnaður | | 18.662.901 | 16.406.372 |
| Vallarleiga | | 200.903 | 474.400 |
| Kostnaður v/félagsskipta | | 3.150.441 | 5.208.875 |
| Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða | | 2.607.896 | 2.371.683 |
| Stjórnun og umsýsla | | 7.057.852 | 8.366.623 |
| Annar kostnaður | | 3.078.875 | 7.153.062 |
| | | 156.969.823 | 186.897.623 |
| Afskriftir | 2. | 3.197.890 | 2.176.660 |
| Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði | | 3.431.647 | ( 6.241.365 ) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 25.096 | 75.910 |
| Vextir, þjónustugjöld, fjármagnstekjuskattur | | ( 1.858.604 ) | ( 2.415.672 ) |
| | | ( 1.833.508 ) | ( 2.339.762 ) |
| Hagnaður (tap) ársins | | 1.598.139 | ( 8.581.127 ) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

## Eignir

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Óefnislegar eignir:** | | | |
| Verðgildi leikmanna | | 0 | 3.900.000 |
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Áhöld og tæki | 2. | 13.294.320 | 9.022.756 |
| | | 13.294.320 | 9.022.756 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Viðskiptakröfur | 3. | 21.102.712 | 18.168.581 |
| Handbært fé | | 7.157.702 | 2.949.877 |
| | | 28.260.414 | 21.118.458 |
| **Eignir samtals** | | 41.554.734 | 34.041.214 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 500.000 | 500.000 |
| Ójafnað eigið fé | 4. | ( 16.779.888 ) | ( 18.818.047 ) |
| Eigið fé samtals | | ( 16.279.888 ) | ( 18.318.047 ) |
| **Skammtíma skuldir:** | | | |
| Skuld við móðurfélag, Knattsp.f Hauka | | 29.314.695 | 10.255.498 |
| Viðskiptaskuldir | 5. | 27.414.603 | 37.839.305 |
| Ógreiddur kostnaður | | 424.991 | 447.074 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | | 680.333 | 3.817.384 |
| | | 57.834.622 | 52.359.261 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 41.554.734 | 34.041.214 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2020

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi | 1.598.139 | ( 8.581.127 ) |
| Mism. á hagnaði og handbæru fé frá rekstri: | | |
| Afskriftir | 3.197.890 | 2.176.660 |
| Veltufé (til) frá rekstri | 4.796.029 | ( 6.404.467 ) |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | ( 2.934.131 ) | ( 6.283.329 ) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun | 5.475.361 | 12.586.746 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | 2.541.230 | 6.303.417 |
| Handbært fé frá (til) rekstri | 7.337.259 | ( 101.050 ) |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | |
| Keypt áhöld | ( 7.469.454 ) | ( 2.784.572 ) |
| Verðgildi leikmanna | 3.900.000 | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 3.569.454 ) | ( 2.784.572 ) |
| **Aðrar hreyfingar:** | | |
| Leiðrétting | 440.020 | 1.844.220 |
| | 440.020 | 1.844.220 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 4.207.825 | ( 1.041.402 ) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 2.949.877 | 3.991.279 |
| Handbært fé í árslok | 7.157.702 | 2.949.877 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

**Mat og ákvarðanir**
Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

**Skráning tekna**
Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

**Fjármagnskostnaður**
Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**
Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hægrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundarðshluti af kostnaðarveði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirði.

**Handbært fé**
Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Hlutafé**
Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

| | Áhöld og tæki |
|---|---|
| Heildarverð 01.01.2020 | 18.874.970 |
| Keypt á árinu | 7.469.454 |
| Heildarverð 31.12.2020 | 26.344.424 |
| Afskrifað áður | ( 9.852.214 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 3.197.890 ) |
| Afskrifað samtals | ( 13.050.104 ) |
| Bókfært verð 31.12.2020 | 13.294.320 |

## 3. Viðskiptakröfur

| | |
|---|---|
| Viðskiptakröfur | 21.102.712 |
| | 21.102.712 |

## 4. Eigið fé

| | Hlutafé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2020 | 500.000 | ( 18.818.047 ) | ( 18.318.047 ) |
| Leðrétting frá fyrra ári | 0 | 440.020 | 440.020 |
| Hagnaður (tap) ársins | 0 | 1.598.139 | 1.598.139 |
| Eigið fé 31. desember 2020 | 500.000 | ( 16.779.888 ) | ( 16.279.888 ) |

## 5. Viðskiptaskuldir

| | |
|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 27.414.603 |
| | 27.414.603 |


HAUKAR
Áfram Haukar!